

Skúlpturn/  
Skúlpturn

Sculpture/  
Sculpture

~~30.09.~~—

31.12.20~~23~~

Gerðarsafn — Kópavogur Art Museum

Sýningaröðin *Skúlptúr/Skúlptúr* er nú haldin í fimmta skiptið í Gerðarsafni þar sem leitast er við að kanna hver staða höggmyndalistar sé í samtíma okkar. Sýningaröðin kannar þróun þrívíðrar myndlistar með vísunum í frumkvöðla- starf Gerðar Helgadóttur (1928—1975) innan íslenskrar höggmyndalistar. Titillinn vísar til sýningarinnar *Skúlptúr/skúlptúr/skúlptúr*, samsýningu 29 listamanna sem haldin var á Kjarvalsstöðum árið 1994 og gaf veigamikið yfirlit yfir höggmyndalist þess tíma. Þessi fimmta sýning í röðinni hér í Gerðarsafni er með öðru sniði en áður þar sem leitast er við að taka stöðu á skúlptúrnum í dag með samsýningu tíu listamanna. Enginn einn samnefnari er með því listafólki sem tekur þátt í sýningunni en í samtali verka þeirra má finna forvitnilegar vísanir í stöðu skúlptúrsins sem listmiðils, möguleika hans og samband við samtíma okkar.

Skúlptúr er í hefðbundnum skilningi formfastur listmiðill. Þrívítt listaverk, ólíkt hinu tvívíða málverki. Staða skúlptúrsins sem þrívíðs listaverks var allajafna ekki megininntak verkanna. Voru þá frekar gerðar tilraunir til að teygja möguleika efnisins, að draga fram ólíkar áferðir, mýkt, svipbrigði og fínleika í efnismiklum verkum unnum í stein, leir eða brons. Með þróun höggmyndalistar færðu listamenn sig frá því að huga að mögu- leikum innan efnisins og yfir í að kanna samband skúlptúrsins við rýmið sjálft. Sá leikur á milli forms og rýmis birtist í verkum Gerðar Helgadóttur þar sem fíngerðir vírar virkja tómarúmið innan verksins. Leit að nýjum leiðum til að nálgast efnið sjálft tók hliðarskref yfir í tjáningu efnisins í samspili við umhverfi

sitt. Í samtíma okkar hefur þessi könnun á sambandi skúlptúrsins og rýmis þróast yfir í að skúlptúrin hefur orðið samofinn umhverfi sínu. Rými skúlptúrsins er orðið eitt og hið sama og rými áhorfandans, í verkum sem dansa á mörkum ólíkra listforma.

Listin endurspeglar samfélagið sem við lifum í á hverjum tíma og umhverfið innan listarinnar hefur víkkað í takt við sam- tímamann. Íslensk samtímalist er ekki lengur aðeins sköpuð af listamönnum sem hafa fæðst og alist upp á landinu. Listamenn utan úr heimi leita til Íslands og setjast að til lengri eða skemmri tíma auk þess sem listafólk af íslensku bergi brotið hefur leitað út í heim eftir innblæstri. Þá skapast umhverfi fyrir listafólk með afar ólíkan bakgrunn, ólíka menntun og forsendur, að takast á við sama verkefnið — skúlptúrin. Slíkt samtal ólíkra radda skapar nýtt samhengi, brýtur viðteknar venjur, sprengir rammann og eykur skilning okkar sem áhorfenda.

Sýningin *Skúlptúr Skúlptúr* er því vissst ferðalag í gegnum heim skúlptúrsins — leiðangur milli verka þar sem endur- speglast hvernig samtímahöggmynda- listin umlykur mismunandi hreyfingar innan listarinnar þar sem kjarninn er tilraunamennska. Stöðugar tilraunir listafólksins með skúlptúrin sem verk- færi hvetja okkur til íhugunar og um- hugsunar. Þau reyna á mörk miðilsins í stærð, tækni, rými, viðhorfi og hlutverki okkar sem áhorfenda. Á sama tíma skapast gagnvirkur vettvangur til að velta fyrir sér samtímanum, raunveru- leikanum og umhverfinu með fígúratívri eða abstrakt framsetningu.

The exhibition series *Sculpture Sculpture* is now held for the fifth time in Gerðarsafn, where an attempt is made to explore the position sculpture holds in modern times. The series explores the development of three-dimensional art, with references to the pioneering work of Gerður Helgadóttir (1928—1975) within Icelandic sculpture. The title refers to *Sculpture/Sculpture/Sculpture*, a 1994 group exhibition of 29 artists at Kjarvalsstaðir which offered an important overview of Icelandic sculpture at the time. This fifth exhibition in the series at Gerðarsafn is different from the previous ones as it seeks to assess the status of modern sculpture with works from ten different artists. There is no single common denominator with all the participating artists, but the discourse between their works unveils interesting references to sculpture's status as an art medium, its possibilities and its relevance to the present times.

In a traditional sense, sculpture is a formal art medium. A three-dimensional artwork, different from the two-dimensional painting. Normally, the status of the sculpture as a three-dimensional artwork did not constitute the work's substance, but the artists rather experimented with stretching the materials to their limits and educating different texture, softness, features and delicacy in massive works, made from stone, clay or bronze. As sculpture developed, artists moved from examining the material's possibilities towards exploring the relationship between the sculpture and the space itself. This play between form and space can be seen in Gerður Helgadóttir's work, where delicate wires activate the empty space within the work. The search for new ways to approach the


material itself took a side-step into the material's expression in interaction with its surroundings. In present times, this exploration of the relationship between sculpture and space has caused the sculpture to become interwoven with its surroundings. The sculpture space has become one with the audience's space, in artworks that dance on the borders between many different art forms.

Art reflects our society at any given time and the art environment has expanded in line with the present times. Contemporary Icelandic art is no longer solely created by artists who are born and raised in Iceland. Artists from around the world come to Iceland to live for short and long periods of time, and Icelandic-born artists also seek inspiration in other countries. This creates an environment for artists of different backgrounds, education and qualifications to deal with the same task — sculpture. Such discourse between different voices creates a new context, abandons tradition, crosses boundaries and increases our understanding as viewers.

Thus, *Sculpture Sculpture* is a certain journey through the world of sculpture — an expedition between works, which reflects how contemporary sculpture encompasses various movements within the art form, with experimentation at its core. The artists' constant experiments with sculpture as a tool, encourage us to reflect and ponder. They stretch the medium's limits regarding size, technology, space, attitude and our role as spectators. At the same time, an interactive platform is created to speculate on the present, on reality and the environment with a figurative or abstract presentation.

Skúlpturninn  
& málverkio

Sculpture  
& Painting



Eygló Harðardóttir vinnur með tengsl skúlptúrsins við málverkið og samspil tvívíðra og þrívíðra verka, sem eru skilgreind út frá ólíkindum hvert við annað. Í meðförum Eyglóar teygist úr málverkinu sem myndrænni framsetningu á tvívíðum fleti, út í könnun á þrívíðum eiginleikum þess. Pappírsvörkum með fínlegum litatónum er raðað saman á hárnákvæman hátt svo úr verður lagskiptur og dýnamískur skúlptúr. Þannig skapast spenna á milli fínlegra litatóna, eiginleika pappírins og hrás efniviðs burðareiningar verkanna.

Verkin hennar tvö á sýningunni eru samofin þar sem hún sker út fleti úr máluðum pappírsvörkum sem verða uppi- staða þrívíðra málverka. Það sem tekið er úr á einum stað verður að uppistöðu næsta verks. Flúraðir rammarnir hafa verið notaðir sem stenslar fyrir skurði og málun pappírins og mynda bak málverkanna. Ummerki og umgjörð vinnslu myndar, sem allajafna er fjarlægð, er hér til staðar og orðin að lykilatriði í samspili verkanna tveggja. Með því samspili verður til hárfínt jafnvægi sem stjórnast af tilviljunum, tilfinningu og innsæi.


Eygló Harðardóttir works with the connection between sculpture and painting, and the interaction of two- and three-dimensional works, defined by their un-alikeness to each other. In Eygló's hands, the painting is stretched, as a figurative presentation on a two-dimensional plane, into an exploration of its three-dimensional qualities. Delicately coloured paperworks are assembled with pinpoint preciseness to create a dynamic, layered sculpture. This creates tension between the delicate hues, the qualities of the paper and the raw material of the work's structural units.

Eygló's two works in the exhibition are connected, she cuts out planes from painted sheets of paper and uses as the basis for three-dimensional paintings. What is removed from one place becomes the foundation of another work. The ornate frames have been used as stencils for carving and painting the paper and they form the back of the painting. The frame and the traces of the creation of the image, which normally is removed, here plays a pivotal role in the interaction between the two artworks. This creates an exquisite balance, controlled by coincidence, emotion and insight.



Elísabet Brynhildardóttir ögrar hugmyndinni um skúlptúrinn sem massív verk úr þungum efnum sem endast áratugi, ef ekki árhundruð. Verk Elísabetar er andstæða þeirra; ofurviðkvæmt listaverk sem breytist með tímanum og utanaðkomandi áhrifum. Verkið er skapað með því að láta blys springa yfir plastflöt þannig að eiturrautt duft leggst á flötinn. Áferð verksins minnir okkur á nýfallinn snjó eða flauel, með viðkvæmnislegri en þéttri áferð sem mun skemmast við minnstu snertingu. Verkið stendur á mörkum þess að vera málverk og skúlptúr þar sem áferð og litir spila saman á myndfleti. Verkið er þó þrívíður hlutur sem þarfnast varnar frá okkur mannfólkinu og krefst þess að við tökum tillit til þess. Í verkinu kannar Elísabet samband skúlptúrsins við efnisheiminn þar sem andstæður mætast milli þess harða og fíngerða, á milli þess hagnýta og þess fagra. Elísabet reynir að stýra blysi, sem er ætlað að springa út yfir stóran haflöt, í aflokuðu rými. Í verkinu fangar hún sprengikraft á viðkvæmnislegan hátt og reynir að stjórna því stjórnláusa.

Elísabet Brynhildardóttir challenges the idea of sculpture as massive works from heavy materials, lasting decades or centuries. Her work is the opposite of that, a super fragile artwork that changes with time and due to external factors. It is created by exploding flares over a plastic surface, spreading it with poison-red powder. The texture reminds us of driven snow or velvet, it is fragile but dense and the slightest touch will damage it. The work is on the border between a painting and a sculpture, where texture and colours interact on the plane. However, it is a three-dimensional item that needs protecting from us, humans, and demands we make room for it. In this work, Elísabet explores the sculpture's connection to the material world, where opposites meet: the tough and the dainty, the practical and the ornamental. She tries to control a flare, which is meant to explode over the ocean, in a closed space, thus capturing its explosive power in a delicate way, trying to control the uncontrollable.



Claire Paugam leikur á mörkum þess tvívíða og þrívíða með staðbundnu verki í stiga Gerðarsafns. Verkið „Across Unbounded Spaces“ er brotakennd mynd af himni, þar sem við ferðumst frá skýjum og í himingeim með ferð í lög lofthjúps jarðar. Verkið er stafræn klippimynd sem birtir ekki veruleikann, heldur ímynd af himingeimnum. Myndin umbreytist með ferðalagi okkar upp stigann þar sem við göngum frá kunnuglegum skýjum í dekkri og óljósari sýn á geim sem verður sífellt hverfulli og brotakenndari. Með framsetningu verksins í stiga Gerðarsafns skapar verkið sjónræna blekkingu og dýpt þar sem verkið öðlast þrívídd sem hluti rýmisins.

Claire Paugam works on the boundaries between the two-dimensional and three-dimensional with a site-specific work on the stairs of Gerðarsafn. Her work, “Across Unbounded Spaces” is a fragmented image of a sky, where we travel from the clouds into space and the layers of earth’s atmosphere. It is a digital collage that doesn’t display reality, but an image of space. The image is transformed when we walk up the stairs and abandon familiar clouds for a darker, vaguer vision of space, becoming ever more flitting and fragmented. By displaying the work on the stairs of Gerðarsafn, it creates an illusion and depth and gains the third dimension as part of the exhibition space.

Skúlpturninn  
& maðurinn


Sculpture  
& Man



Andreas Brunner leikur á mörkum miðla með vídeóverkum sem umbreytast í þrívíðan hlut innan myndflatar og í efnislegri framsetningu þess. Verkin sýna hljóðnema sem fuðra upp og spúa lituðum reyk og ískrandi hljóði. Á sama hátt og grunnhlutverk hljóðnema er að magna upp hljóðbylgjur í formi titrings má skynja titring og ótal merkingar í verkinu. Hljóðnemar sem skapaðir eru sem inntak fyrir hljóð hafa hér hlotið öfugt hlutverk, spýta út reyk og má sjá fyrir sér að honum fylgi öll þau hljóð sem neminn hefur miðlað til þessa. Hér mætti líta á þá liti sem birtast sem einhvers konar fjölbreytni radda eða hljóðbylgja sem eru vistaðar í nemanum, sem losna eins og draugalegt efni í gegnum brennsluna. Litaður reykurinn minnir á öndun mannsins, þar sem bruni og gufa bræðslunnar verður að kraftmikilli útöndun nemans. Hljóðneminna hefur einnig hlutverk innan samfélags sem framlenging mannsins sem tæki fyrir mögnun radda, miðlun frá einni rödd til fjölda eyrna. Samhliða þessum fjölda merkinga sem tengja má við verkið má einnig líta á það sem hreina fagurfræði. Verkið skapar kaótískt sjónarspil þar sem það hættulega og viðkvæma, að kveikja í raftæki, skapar liti — málun í lofti í gegnum skúlptúríska framsetningu.

Andreas Brunner works with a number of media, with video works that are transformed into a three-dimensional item within the picture plane and in its material presentation. The works display burning microphones, spewing coloured smoke and emitting a screeching sound. In the same way as it is the microphone's purpose to amplify sound waves in the form of vibrations, here you can sense vibrations and numerous meanings in the work. Here, microphones, created as lead-ins for sound, have a reverse role, they emit smoke, which can be seen as containing all the sounds that the microphone has transmitted until now. The different colours can be viewed as a variety of voices or sound waves captured in the microphone, being released through burning like some sort of ghostly material. The coloured smoke is reminiscent of man's breathing, the burning and smoke becomes the microphone's powerful exhalation. The microphone also plays a role within society as an extension of man, a machine to amplify voices, to transmit from one voice to numerous ears. Apart from all these multiple meanings that can be attached to the artwork, it can also be viewed as pure aesthetics. It creates a chaotic spectacle, where the dangerous and the fragile, lighting an electric device on fire, creates colours — painting in the air through sculptural presentation.





Geirprúður Finnbogadóttir Hjörvar vinnur abstraktverk með samfélagslegri skírskotun þar sem fjármál og fagurfræði mætast. Í verkum sínum kannar Geirprúður samfélagsgerð okkar og þá fjárhagslegu umgjörð sem við búum við. Verk hennar umbreytir tölfræðilegum breytum í þrívíða skúlptúra með könnun á sambandi bankakerfisins við þjóðarhagkerfið. Skúlptúrarnir þrír tákna hver og einn stærstu banka landsins, frá upphafi og lokum einkavæðingar þeirra á árunum 1997–2003, og breytur árið sem hámarki var náð í hagnaði bankanna, árið 2007. Í verkinu birtist þannig áhrif bankakerfisins á efnahagshrunið 2008 á óhlutbundinn hátt en samhliða vísunum í fjármál og samfélagsgerð tengir Geirprúður við fagurfræði liðinna tíma. Í verkinu tengir hún við þau mót sem verða í Gerðarsafni á milli mórernískra verka Gerðar Helgadóttur og póst-mórernískrar byggingar safnsins. Vísanir í mórerníska myndlist má finna í formum og litanotkun í verki Geirprúðar en samspil þeirra brýtur stríðnislega upp á reglurnar, líkt og póst-mórernisminn gerir.

Geirprúður Finnbogadóttir Hjörvar creates abstract works with a sociological reference, where aesthetics meets financial affairs. Geirprúður examines our community structure and the financial framework we live in. Her work transforms statistical variables into three-dimensional sculptures with an investigation into the connection between the banking system and the national economic system. The three sculptures symbolise the three largest banks in Iceland, from the beginning to the end of their privatisation between 1997 and 2003, as well as variables of the year when the bank's profit peaked, 2007. Thus, we see the effect the banking system had on the economic collapse in 2008 in an abstract way, but alongside references to financial affairs and community structure, Geirprúður connects to the aesthetics of times past. In her work, she relates to the connection that can be found in Gerðarsafn, between Gerður Helgadóttir's modern works and the museum building's postmodern structure. Geirprúður's work contains references to modern art, both in her forms and use of colour, but their interaction playfully goes against the rules, just like in postmodernism.

Geirprúður  
Finnbogadóttir Hjörvar

16 XX 20XX

17



Ívar Glói Gunnarsson Breiðfjörð ögrar hefðbundinni skilgreiningu á skúlptúr með stríðnislegum leik að hugmyndinni um efni og form. Í verkum hans skapast núningur á milli fjöldaframleiðslu og handverks. Verk hans svipta hversdagslega nytjahluti notagildi sínu þar sem fagurfræðilegt gildi þeirra tekur yfir. Skúlptúrar í formi skrifstofuborða kalla fram fyrirtækjafagurfræði en með framsetningunni sést samspil forma og hlutfalla í hversdagsleikanum. Gamli hamrar sem fundnir voru á flóamarkaði eru þússaðir upp og slípaðir svo notagildi þeirra hverfur en fegurð formsins og áferðar stálsins sprettur fram. Klukkur verða að lágmyndum þegar tilgangur þeirra er horfinn frá. Klukkurnar birta auglýsingamyndir fyrir armbandsúr þar sem klukkan er ávallt það sama, 10:10. Tímasetningin skapar jafnvægi með örmum á jöfnum stað við heila tímann auk þess að sýna vel vörumerkið og skífu handúrsins. Auglýsingagildi og fagurfræðilegt gildi rennur hér saman. Verkið „Slacker“ birtir samspil þess handgerða og fundna, sem skúlptúr unninn úr afgangsefnum í vinnustofu listamannsins. Verkið endurvarpar efni borðfóta borðskúlptúranna og mynda slakan og nokkuð metnaðarlítinn mannlíkama sem hangir í miðjum sýningarsal.

Ívar Glói Gunnarsson Breiðfjörð challenges traditional definitions of sculpture with a mischievous play with the idea of material and form. In his works, he creates friction between mass-production and crafts. They strip everyday, practical things of their utility value and allow their aesthetic value to reign. Sculptures in the shape of office desks evoke a certain company aesthetic, but the presentation shows the interaction of forms and proportions in everyday life. Old hammers, found in a flea market, are polished and shined, erasing their utility value and bringing forward the beauty of the form and texture of the steel. Clocks become reliefs when their purpose has been removed. They display advertisements for wristwatches, which all show the same time, 10:10. The timing creates a balance, with the clock hands on both sides of the hour, as well as showing the logo and the face of the watch. Here, the advertising value and the aesthetic value merge. Ívar's work "Slacker" shows an interplay of handmade and found things, it is a sculpture made from leftover materials in the artist's studio. It relays the material of the table legs in the table sculptures, creating a limp and pretty unambitious human body, hanging in the center of the space.

Skúlpturninn  
& náttúran

Sculpture  
& Nature



Martha Haywood vinnur verk út frá þögulli uppgötvun þar sem náttúruleg fyrirbrigði verða uppistaða skúlptúra. Verkin spretta upp úr umhverfi listakonunnar á Íslandi og Bretlandi þar sem það örsmáa og falda í náttúrunni er færð í annað form. Fíngert net plantna sem tíndar voru á Kársnesi verður að fljótandi náttúrumynd og vespubú verða að fagurfræðilegri leit. Verkin birta breytilega sýn eftir árstíðum þar sem náttúran blómstrar og fölnar og sýnir okkur þannig flókið og samofið samband lífs og dauða, gleði og sorgar.


Martha Haywood creates her work based on a silent discovery, where natural phenomena become the foundation for sculptures. The work is inspired by the artist's environment in Iceland and Britain, where the tiny and the hidden in nature is given another form. A delicate netting of plants, picked at Kársnes, becomes a floating nature image, and a wasp's nest becomes an aesthetic journey. The works change with the seasons, as nature flourishes and withers, showing us the complex and interwoven relationship between life and death, joy and sorrow.

*Once a fight with the unknown, the expected, the want and the waiting. And love is finally winning.*

*Collecting actions.*

*No longer the aversion to ambiguity. Now a respect for the future unknown.*

*Revolt over result.*



Anna LÍndal kortleggur hverfuleika í umhverfi okkar þar sem samband okkar við náttúruna er í brennidepli. Verkið „Kortlagning kortlagningar“ birtir okkur hvernig landmælingar hafa þróast á þeim 60 árum síðan Surtsey varð til. Verkið sýnir kortlagningu tveggja kynslóða af jarðfræðingum sem nálgast viðfangs-efnið á ólíkan máta. Þar sjáum við handteiknuð kort sem voru unnin við myndun eyjarinnar þar sem hæðarlínur eru dregnar með penna ofan á loftmynd af síbreytilegu landslagi. Sú skrásetning, sem unnin er á líkamlegan hátt, mætir tækniframþróun með þrívíddarprentuðum skúlptúrum sem unnir eru eftir drónamyndum af eyjunni.

Í listrænum rannsóknum Önnu færast skráning og mæling á svæði yfir í að vera persónuleg, líkamleg og sálræn. Í nálgun við landslagið í kringum okkur komumst við ekki hjá líkamsvitund. Við upplifum og skynjum umhverfi okkar og með því að kortleggja svæði tileinkum við okkur það á vissan hátt. Með landmælingum hættir staður að vera fjarlæg hugmynd og verður áþreifanleg náttúra sem við getum öðlast skilning á og eignum okkur á vissan hátt. Kortlagning á náttúrunni svarar mannlegri þörf til að skilja, skynja og eignast vissa hlutdeild í umhverfi okkar.

Anna LÍndal maps out the impermanence of our environment, where man's connection to nature is the focal point. Her work displays the development of geodetic surveying in the 60 years since Surtsey Island was created. The work shows the mapping of two generations of geologists, who approach their subject in different fashion. There, we see handdrawn maps that were made as the island was being created, where contour lines are drawn in pen on an aerial view of ever-changing landscape. This physical documentation meets technological advancement with 3-D printed sculptures based on drone images of the island.

Anna's artistic research makes documentation and measurements of an area into a personal, physical and psychological experience. Approaching the landscape around us, we can't escape a physical awareness. We experience and perceive our environment, and by mapping out an area, we attribute it to ourselves, in a way. With geodetic surveying, a place stops being a distant idea and becomes tangible nature that we can understand and even own, in a manner of speaking. Mapping the nature answers a human need to understand, perceive and own a certain part of our environment.



Ingrid Ogenstedt vinnur skúlptúra sem skapa tengingu á milli manns og náttúru með vísun í umbreytingu mannsins á náttúrulegum efnum. Maðurinn hefur umbreytt landslaginu og náttúrulegu umhverfi sínu frá örófi alda og skúlptúrar úr efnisheim náttúrunnar kunna að vekja upp minningar, frásagnir og gleymda þekkingu á umhverfinu. Verk Ingridar er unnið úr íslensku landslagi Vestfjarða og tengist myndmáli og framsetningu landslags með vísunum í ápreifanleika og hefðir. Verkið „Reyrgresi (hátt)“ er unnið úr samnefndu gresi, sem er sterk fjölær planta sem vex við heimskautsbaug. Plantan hefur í aldaraðir verið notuð sem lækningajurt og í andlegum tilgangi og er í mörgum menningarheimum talin heilög jurt. Að innbyrða reyrgresi er þá talið hreinsa líkama og huga af slæmum öndum og neikvæðri orku og sætur ilmur plöntunnar laðar að sér góða anda.

Með framsetningu efnisins í formi stórs skúlptúrs í sýningarsal, skapar Ingrid tengingu á milli vel skilgreinds, stýrðs og manngerðs umhverfis safnsins og óheflaðs og dulúðlegs náttúrulegs efnis. Efnis sem ber í sér sögu um óhefðbundna notkun mannsins á náttúrunni, sem lækningakrafts og andlegs miðlara.

Ingrid Ogenstedt creates sculptures that connect man and nature with a reference to man's transformation of natural materials. Man has transformed the landscape and their natural environment since the beginning of time, and sculptures from the natural world may evoke memories, narratives and forgotten environmental knowledge. Ingrid's work is created from the landscape of the Westfjords and is connected to the imagery and presentation of landscape, with a reference to tangibility and traditions. The work "Braided Holy Grass" is created from the eponymous plant, a hardy perennial that grows around the Arctic Circle. It has been used as medicinal and spiritual herb for centuries, and is considered a holy plant in many societies. Eating sweetgrass is thought to remove negative spirits and energy from your body and soul, and the sweet smell attracts benevolent spirits instead.

By presenting the material in the form of a large sculpture in an exhibition hall, Ingrid connects the well-defined, controlled and manmade museum environment to the rough, mysterious and natural material. A material that contains the history of man's unconventional use of nature, as a healing power and spiritual guide.



imonda Sereikaitė birtir í verkinu „Today is tomorrow“ samruna tíma í umbreytingu náttúrulegs efnis. Verkið er byggt upp af rekaviðardrumbum sem hafa verið brenndir og skeytt saman með steypubútum. Skúlptúrin er innblásinn af ferðalagi rekaviðar sem flýtur frá Síberíu til Íslands með straumum Norður-Íshafsins. Verkið skapar samræður milli umhverfis listakonunnar á Vestfjörðum og tvinnar saman þætti úr sögu landsins, menningu og sköpun tilfinningalegs landslags. Listaverkið byggir brú á milli fortíðar og nútíðar, hins náttúrulega og manngerða, og kannar djúpstæðan hæfileika listarinnar til að fara yfir landamæri og rækta dýpri tengsl við heiminn í kringum okkur.

In her work, “Today is Tomorrow”, Raimonda Sereikaitė shows the merging of time into the transformation of natural material. The work is built from driftwood logs that have been burned and joined with pieces of concrete. The sculpture is inspired by the voyage of the driftwood from Siberia to Iceland on the currents of the Arctic Ocean. The work opens up a dialogue with the artist’s surroundings in the Westfjords and interweaves episodes from the country’s history and culture with the creation of emotional landscape. It bridges the past and the present, the natural and the manmade, and explores art’s profound quality of crossing borders and nurturing a deeper connection to the world around us.

**Andreas Brunner** (*f. 1988*) er svissneskur listamaður frá Zürich búsettur í Reykjavík. Hann nam myndlist við Lucerne University of Applied Science and Arts og lauk framhaldsnámi í myndlist við Háskóla Íslands árið 2018. Þvert á miðla kannar Andreas í list sinni vissa endurskoðun hugmynda sem tengir skilning okkar og skynjun í mismunandi formum og framsetningu í tíma og rúmi. Verk Andreasar hafa verið sýnd víðsvegar bæði hér á landi sem og í Evrópu.

Andreas Brunner is a Swiss artist from Zürich, based in Reykjavík. He studied art at Lucerne University of Applied Science and Arts and finished his postgraduate art studies at the University of Iceland in 2018. Andreas works across different media and explores a certain review of ideas, connecting our perception and understanding in different forms and presentations in time and space. His work has been exhibited widely in Iceland and Europe.

**Anna Líndal** (*f. 1957*) útskrifaðist frá Myndlista– og Handíðaskóla Íslands 1985 og lauk framhaldsnámi frá The Slade School of Fine Art, University College London árið 1990. Árið 2012 lauk hún meistaragráðu í rannsóknartengdri myndlist frá St. Lucas, Unversity College of Art & Design, Antwerpen í Belgíu. Anna hefur verið sjálfstætt starfandi myndlistarmaður í rúmlega 30 ár og var einnig prófessor við Listaháskóla Íslands árin 2000—2009. Undanfarið hafa verk hennar fjallað beint eða óbeint um víxlverkandi samband manns og náttúru. Þar byggir Anna mikið á eigin upplifun með náttúrunni og þátttöku í leiðöngrum með vísindamönnum. Hún skoðar ferla náttúrunnar sjálfrar og samband rannsakandans við viðfangsefnið. Frá árinu 1990 hefur Anna tekið þátt í yfir 100 sýningum hérlendis sem og á erlendri grundu. Árið 2017 hélt Listasafn Reykjavíkur yfirlitssýningu á verkum Önnu.

Anna Líndal graduated from the Icelandic College of Art and Crafts in 1985 and finished her postgraduate studies from the Slade School of Fine Art, University College, London in 1990. In 2012, she finished her MA in Artistic Research from St. Lucas, University College of Art & Design in Antwerp, Belgium. Anna’s career

spans more than 30 years and she was also a professor at the Iceland Academy of the Arts in 2000—2009. Recently, Anna’s work has directly or indirectly revolved around the interactive relationship of man and nature. She draws on her own experience in nature and participation in scientific expeditions. She examines the processes of nature itself and the researcher’s relationship with their subject. Since 1990, Anna has participated in over 100 exhibitions in Iceland and abroad. In 2017, Reykjavík Art Museum held a retrospective of her work.

**Claire Paugam** (*f. 1991*) er frönsk listakona, búsett í Reykjavík. Claire nam við myndlistardeild Listaháskóla Íslands og útskrifaðist 2016. Frá útskrift hefur hún haldið fjölda sýninga bæði hérlendis og erlendis og hlaut hvatningarverðlaun Myndlistarsjóðs 2020. Kjarninn í verkum Claire varpar fram spurningum um efniskennnd með því að stilla viðkvæmri reynslu upp gegn hefðbundnum kerfum reglna og túlkunar. Formleysi, óreiða og sú tilfinning að sleppa tókunum eru meðal þema verka hennar. Nálgun Claire er þverfagleg og hún styðst við innsæi í rannsóknum sínum, hverju verkefni fylgir sérstök efniskennnd og uppbygging og þannig getur hún tekist á við afar fjölbreytt efni.

Claire Paugam is a French artist, based in Reykjavík. She studied at the Fine Arts department of the Iceland University of the Arts and graduated in 2016. Since then, she has held numerous exhibitions, in Iceland and abroad, and she was awarded the Motivational Award of the Icelandic Art Prize in 2020. In her works, Claire raises questions about materiality by posing delicate experience against traditional systems of rules and interpretation. Among her themes are shapelessness, chaos and the feeling of letting go. Claire’s approach is interdisciplinary and she relies on insight in her research, each project has its own materiality and construction, and that way she can deal with very diverse material.

**Elísabet Brynhildardóttir** (*f. 1983*) Elísabet nam myndlist við University College for the Creative Arts í Farnham, Bretlandi og útskrifaðist 2007. Frá útskrift hafa verk hennar verið sýnd víðsvegar hérlendis og

erlendis. Elísabet vinnur í fjölbreytta miðla þótt teikningar og skúlptúrar séu þar mest áberandi. Í verkum sínum veltir hún fyrir sér sambandi okkar við efnisheiminn og þölmörkum þess þar sem hugmyndir um hverfuleika og tíma eru áberandi. Samband manns og listaverks er henni jafnframt hugleikið þar sem líkamleg nærvera áhorfandans getur skipt sköpum fyrir upplifun verka hennar; þar sem hreyfingar og afstaða hans hafa bein áhrif á tilvist listaverksins.

Elísabet Brynhildardóttir studied art at University College for the Creative Arts in Farnham, Britain, and graduated in 2007. Since then, her work has been exhibited around Iceland and abroad. She works in diverse media, but drawing and sculpture is most prominent. In her works, she ponders our relationship with the material world and its tolerance limits, with a special focus on ideas of impermanence and time. She is also preoccupied with the connection between man and artwork, where the physical presence of the viewer can make all the difference for experiencing her work, as the viewer’s movements and position directly influence the existence of the artwork.

**Eygló Harðardóttir** (*f. 1964*) nam við Myndlista– og Handíðaskólann 1983—1987 og síðan við Akademie voor Beeldende Kunst en Industrie í Hollandi á árunum 1987—1990. Síðan hefur Eygló starfað í Reykjavík og haldið fjölda sýninga, bæði hérlendis og erlendis, og hlaut Íslensku myndlistarverðlaunin 2019 fyrir einkasýninguna „Annað rými“ sem haldin var í Nýlistasafninu 2018. Eygló vinnur gjarnan tví– og þrívíða abstrakt skúlptúra, bókverk og verk í almenningsrými. Sköpunarferlið einkennist af rannsóknum og könnun á aðstæðum og efniskenninni, pappírur, litum og léttleikanum, þar sem möguleikar og takmarkanir eru kortlagðir og auðkenni rannsökuð. Eftir stendur verk sem er afsprengi ferlis þar sem efnið hefur ráðið för.

Eygló Harðardóttir studied at the Icelandic College of Art and Crafts 1983—87 and Akademie voor Beeldende Kunst en Industrie in Holland 1987—90. Since then, Eygló has worked in Reykjavík and held numerous exhibitions, in Iceland and elsewhere, and she was awarded the Icelandic Art Prize in 2019 for her solo

exhibition “Another Space” in The Living Art Museum. Eygló often creates two– and three–dimensional abstract sculptures, bookworks and works in public spaces. Her creation process is characterised by research and exploration of the circumstances and the materiality, papers, colours and the lightness, where she maps out possibilities and limitations and examines their qualities, leaving artwork that is the result of a process guided by the material itself.

**Geirprúður Finnbogadóttir Hjörvar** (*f. 1977*) nam myndlist við Listaháskóla Íslands og lauk framhaldsnámi árið 2005 frá Konsthögskolan í Malmö, Svíþjóð. Verk Geirprúðar hafa verið sýnd víðsvegar bæði hérlendis og erlendis og hefur listakonan dvalið í virtum residensíum í bæði Hollandi og Þýskalandi. Geirprúður hefur undanfarin ár unnið við að formgera hinn ósýnilega hugmyndaheim efnahagskerfa og felst áhugi hennar í núningnum á milli þess við að formgera hinn ósýnilega hugmyndaheim efnahagskerfa og felst áhugi hennar í núningnum á milli þess hvernig hinn efniskennði hverdagsleiki stýrist af lögmálum efnahagskerfisins sem eru óaðgengileg og óskiljanleg fyrir marga.

Geirprúður Finnbogadóttir Hjörvar studied art at the Iceland University of the Arts and finished her postgraduate studies from Konsthögskolan in Malmö, Sweden. Her work has been exhibited widely, in Iceland and abroad, and she has stayed in distinguished residencies in Holland and Germany. In recent years, Geirprúður has been working to materialise the invisible ideological world of economic systems, her interest lies in the friction between how the material everyday is ruled by the laws of the economy which are inaccessible and unintelligible for many people.

**Ingrid Ogenstedt** (*f. 1982*) nam myndlist við Umeå Konsthög–skola og lauk framhaldsnámi í myndlist við The Hochschule der Künste Bremen, Þýskalandi árið 2015. Ingrid vinnur við að skapa stór rýmisverk og hefur víða um Norðurlöndin og í Þýskalandi unnið staðbundna skúlptúra út frá rými og aðstæðum, sem fá merkingu út frá staðarvali, bæði í tengslum við efni og umhverfi. Áhugi hennar á umhverfinu endur–speglast í efnisnotkun þar sem náttúran og landslagið veitir innblástur og hún kannar djúpa tengingu

mannsins við náttúruna, menningarsögu okkar, handverk og sköpun. Ingrid leitar beint í nærumhverfið í sköpunarferlinu og verk hennar einkennast af náttúrulegu efnisvali sem er endurmótað í þeim.

Ingrid Ogenstedt studied art at Umeå Konsthögskola and finished her postgraduate art studies at The Hochschule der Künste in Bremen, Germany in 2015. Ingrid creates large, spatial artwork and has made site–specific sculptures in various locations in the Nordic countries and Germany which are given meaning based on their location, both regarding the material and the environment. Her interest in the environment is reflected in her materials, she is inspired by nature and landscape and explores the profound connection of man and nature, our culture history, crafts and creation. In the creative process, Ingrid heads directly to the microenvironment and her work is characterised by natural materials which she gives a new shape.

**Ívar Glói Gunnarsson Breiðfjörð** (*f. 1992*) útskrifaðist með BA gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2014, nam myndlist við Hochschule für Bildende Künste í Hamborg og Konsthögskolan í Malmö og lauk síðan framhaldsnámi frá Luca School of Arts í Brussel vorið 2023. Verk Ívars Glóa kanna ólíkar tengingar skúlptursins, innsetninga og sviðsetninga, sem og hugmyndina um gildi veraldlegra hluta. Hann leikur sér á stríðnislegan hátt að skilningi okkar á hversdagslegum hlutum í umhverfi okkar, breytir hlutverkí þeirra, tilgangi og notagildi og hvetur þannig áhorfandann til umhugsunar.

Ívar Glói graduated with a BA in Fine Arts from The Iceland University of the Arts in 2014, studied art at Hochschule für Bildende Künste in Hamburg and Konsthögskolan in Malmö, and finished his postgraduate studies from Luca School of Arts in Brussels in spring 2023. Ívar’s work explores the different connections between sculpture, installations and performances, as well as the idea of the value of material things. He mischievously plays with our understanding of everyday items in our environment, changes their purpose and their utility value, thus encouraging the viewer’s speculations.

**Martha Haywood** (*f. 1990*) Martha er bresk listakona sem nam við höggmyndadeild í Edinburgh College of Art og lauk framhaldsnámi í myndlist við Listaháskóla Íslands árið 2022. Með þverfaglegri nálgun sinni kannar Martha með einstakri næmni hið ápreifanlega í nærumhverfinu sem hún dvelur í hverju sinni. Sköpun í tilraunakenndum leik við efni og framsetningu einkennir verk Mörthu sem undanfarið hafa þróast þvert á miðla eins og teikningar, þrykk, ljósmyndun, þó alltaf með skúlptúrinn og handverkið sem miðdepil.

Martha is a British artist who studied at the Sculpture Department at Edinburgh College of Art and finished a postgraduate degree in Fine Arts at The Iceland University of the Arts in 2022. Through her interdisciplinary approach, Martha subtly explores the tangible in her microenvironment at any given time. Her work is characterised by creation in experimental play on material and presentation, and lately it has developed across media, such as drawings, print and photography, but always with the main focus on sculpture and crafts.

**Raimonda Sereikaitė** (*f. 1989*) Raimonda nam höggmyndalist í Vilnius Academy of Arts í Litháen og lauk framhaldsnámi árið 2014. Hún hefur sýnt víða hérlendis og erlendis og hefur síðustu árin verið búsett og stundað list sína á Hólmarvík á Vesturlandi. Raimonda upplifir skúlptúrinn sem leið til að miðla flókinni margþátta frásögn án þess að nota hið hefðbundna form tungumáls. Verk hennar kanna á mismunandi hátt manninn og tengslin við umhverfið í nútímasamfélagi. Þau fást í senn við hið innra ferðalag mannsins og staðsetja sig í menningarlegu samhengi.

Raimonda studied sculpture at Vilnius Academy of Arts in Lithuania and finished her postgraduate degree in 2014. She has held many exhibitions, in Iceland and abroad, and recently she has lived and worked in Hólmarvík, VWest–Iceland. Raimonda experiences sculpture as a way to communicate a complicated, many–layered narrative without resorting to using the traditional form of language. Her work explores man and their connection to the environment in a modern society. It deals with man’s inner journey and places itself within the cultural context.

# 30 Um listafólkið About the artists

# 31



Listamenn Artists

Andreas Brunner  
Anna LÍndal  
Claire Paugam  
Elísabet Brynhildardóttir  
Eygló Harðardóttir  
Geirprúður  
Finnbogadóttir Hjörvar  
Ingrid Ogenstedt  
Ívar Glói Gunnarsson  
Breiðfjörð  
Martha Haywood  
Raimonda Sereikaitė

Sýningarstjórn Curation

Brynja Sveinsdóttir  
Cecilie Cedet Gaihede

[Inngangstexti](#) [Introduction](#)

Daríá Sól Andrews

[Þýðing og próföörk](#) [Translation and proofreading](#)

Ingunn Snædal

[Hönnun](#) [Design](#)

Studio Studio

(Arnar Freyr Guðmundsson,

Birna Geirfinnsdóttir)

[Prentun](#) [Printing](#)

Svansprent

© Gerðarsafn — Listasafn Kópavogs, höfundar

texta og myndefnis/ljósmynda, 2023

Gerðarsafn — Kópavogur Art Museum,

authors, artists/photographers, 2023